

AUGLÝSING

um umferð í Seltjarnarneshreppi.

Að fengnum tillögum hreppsnefndar Seltjarnarneshrepps og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Seltjarnarneshreppi í Kjósarsýslu:

1. Um Nesveg er einstefnuakstur til austurs frá Barðaströnd að Skólabraut.
2. Bifreiðastöður eru bannaðar á Nesvegi gegnt verzl. Vegamótum.
3. Bifreiðastöður eru bannaðar á A-götu milli Skólabrautar og Melabrautar.

Þetta tilkynnist hér með öllum, sem hlut eiga að máli.

Sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu, 1. júní 1971.

Einar Ingimundarson.

7. júní 1971.

Nr. 98.

AUGLÝSING

um takmarkað leyfi til dragnótaveiða sumarið 1971.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 40 9. júní 1960, um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti, getur ráðherra, samkvæmt tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar og Fiskifélags Íslands, ákveðið fyrir eitt ár í senn, að dragnótaveiði sé heimil á tilteknu svæði eða svæðum á tímabilinu 15. júní til 31. október eða skemmri tíma, eftir því sem nánar er ákveðið.

Þó segir í 1. gr. laga nr. 50 16. apríl 1971, að sé leyfi veitt til dragnótaveiða fyrir Norðurlandi á tilteknu svæði eða svæðum, skuli leyfisveiting, þrátt fyrir ákvæði áðurgreindra laga, við það miðuð, að veiðin sé heimil á tímabilinu 15. júlí til 30. nóvember eða skemmri tíma. Þá segir enn fremur í 1. gr. laga nr. 50/1971, að bönnuð sé öll veiði með dragnót, flotvörpu eða botnvörpu í Faxaflóa frá punkti 6 sjómilur í vestur frá Garðskaga og þaðan beint í Malarrif.

Fiskifélag Íslands hefur leitað álits sveitarstjórna og annarra aðila, sem hagsmuna hafa að gæta í þessu efni.

Í samræmi við ákvæði téðra laga og athuganir Fiskifélags Íslands hefur sjávarútvegsráðuneytið ákveðið, að leyfi til dragnótaveiða skuli veitt frá og með 15. þessa mánaðar á eftirgreindum svæðum:

I. Milli línu réttvísandi austur úr Álftavíkurfjalli (Álftavíkurtanga) að línu réttvísandi austur úr Gvendarnesi, sunnan Fáskrúðsfjarðar. Þó skulu veiðar óheimilar í Seyðisfirði og Loðmundarfirði innan línu úr Álftavíkurtanga í Dalatanga og þaðan fyrir mynni Mjóafjarðar í Flesjatanga og fyrir mynni Norðfjarðarflóa í Barðsneshorn. Þá eru dragnótaveiðar óheimilar á Sandvík og á Vaðlavík innan línu frá Barðsneshorni í Gerpi og þaðan í Krossanestanga. Einnig eru dragnótaveiðar óheimilar í Reyðarfirði innan línu úr Krossanestanga norðan fjarðarins í Vattarrestanga sunnan fjarðarins. Þá eru dragnótaveiðar og óheimilar í Fáskrúðsfirði innan línu úr Hafnarnesi að norðan í Hafnarnesvita að sunnan.

II. Frá línu réttvísandi vestur frá Malarrifi á Snæfellsnesi að línu réttvísandi norður úr Hornbjargi.